

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vaglaskógi í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkt þann 11. febrúar 2016 deiliskipulag í Vaglaskógi í Fnjóskadal. Vaglaskógur er í eigu Skógræktar ríkisins en deiliskipulagið nær aðeins yfir hluta skógarins, þ.e. Stórarjóður og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis núverandi verslun í Vaglaskógi og felur m.a. í sér að skilgreina fyrirkomulag tjaldsvæða, snyrtinga, göngustíga, áningarstaða, leiksvæða og bílastæða ásamt því að staðsetja nýja þjónustubyggingu á svæðinu.

Jafnframt gildistöku á nýju deiliskipulagi fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir þjónustumiðstöð í Vaglaskógi, staðfest 18. mars 1998.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 3. maí 2016.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2016